

**Nd.**

**386. Breytingartillögur**

**[153. mál]**

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Þæfustein, Ásgrímsbúð og Hallsbæ og að selja eiganda nýbýlisins Leifsstaða í Öxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.